



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 9. janúar 2014

Sáttargerð vegna brots á 2. mgr. 68. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti

Hinn 9. desember 2013 gerðu Fjármálaeftirlitið og FÍ Fasteignafélagið slhf. með sér sátt vegna brots félagsins á 2. mgr. 68. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst FÍ Fasteignafélagið slhf., sem útgefandi skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, við því að hafa brotið gegn 2. mgr. 68. gr. vvl., með því að hafa ekki birt opinberlega upplýsingar um skilmálabreytingu á skuldabréfaflokknum FIF 13 01 á föstudeginum 27. september 2013, en breytingin varðaði leiðréttingu á misritun á grunnvísitölu skuldabréfanna (vísitölu neysluverðs). Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. vvl. skal birta framangreindar upplýsingar opinberlega án tafar en félagið birti tilkynninguna ekki fyrr en á mánudeginum 30. september 2013.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var málinu lokið með sátt að fjárhæð 850.000 krónur.